

Starfsáætlun Æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar fyrir árið 2024

Janúarnámskeið

ÆSKÞ stendur fyrir árlegu janúarnámskeiði. Í ár fór það fram í Neskirkju í Reykjavík þann 13. janúar 2024. Það er mikilvægt að hefja árið af krafti og var skráning á viðburðinn mjög góð. Að þessu sinni var boðið upp á tvískipt námskeið. Annars vegar í skyndihjálpi og hins vegar í viðburða – og leikjastjórnun fyrir leiðtoga í barna- og æskulýðsstarfi. Dagurinn hófst á léttum morgunverði kl. 10:30.

Fyrri hluti dagsins var tileinkaður skyndihjálpi. Það er ákaflega mikilvægt fyrir alla þá er starfa í barna- og unglíngastarfi að kunna til verka í skyndihjálpi. ÆSKÞ hefur reglulega staðið fyrir skyndihjálparnámskeiði þar sem tilvalið er fyrir leiðtoga ýmist að hvort endurnýja skírteinin sín eða að fá skírteini í fyrsta sinn. Námskeiðið var 4 klst. Leiðbeinandi var Sigríður Ólafsdóttir hjá Rauða krossinum á Íslandi. Á námskeiðinu lærðu þátttakendur grundvallatriði í skyndihjálpi og endurlífgrun ásamt því að öðlast öryggi, færni og þekkingu í að veita nærstöddum aðstoð í bráðatilfellum með því að beita einföldum aðferðum í skyndihjálpi á öruggan hátt. Markmiðið er að þátttakendur verði hæfir til að veita fyrstu hjálpi á slysstað.

Eftir hádegishlé fór fram seinni hluti námskeiðsins í viðburða – og leikjastjórnun fyrir leiðtoga í barna- og æskulýðsstarfi. Leiðbeinandi var Jörgen Nilson, viðburða- og verkefnastjóri Dalama Camp. Það er einnig mikilvægt fyrir leiðtoga í barna – og unglíngastarfi að kunna að leika sér og kenna öðrum að leika sér. Námskeiðið var í formi fyrirlesturs, fræðslu, verkefnavinnu og hópeflisleikja.

Kirkjudagur

Kirkjudagur Kjalarnessprófastsdæmis fór fram 27. janúar í Keflavíkirkirkju og var sá fyrsti er haldinn hefur verið í prófastsdæminu. Yfirskrift dagsins var „Gleðjumst, hvetjum og uppbyggjum hvert annað“ (1P 5.11). Þar var ÆSKÞ með kynningarbás ásamt fleirum og kynnti starfsemi félagsins. Dagurinn var í alla staði vel heppnaður.

“

Aðalfundur ÆSKÞ

Fundurinn fer fram 8. maí í Neskirkju í Reykjavík og á Zoom. Fundurinn hefst kl. 17.30. Á dagskrá eru venjubundin aðalfundarstörf. Kosið verður um gjaldkera til eins árs (þar sem núverandi gjaldkeri lætur af störfum eftir eitt starfsár í stað tveggja), ritara og tvo meðstjórnendur til tveggja ára auk fimm varamanna til eins árs.

Að starfa í stjórn félagasamtaka á borð við ÆSKÞ er gefandi og lærdómsríkt. Í stjórn situr að jafnaði fjölbreyttur hópur fólks með mismunandi bakgrunn í æskulýðsmálum og á breiðu aldurabili. Við hvetjum presta, djákna, æskulýðsfulltrúa, æskulýðsleiðtoga og þátttakendur í æskulýðsstarfi til að gefa kost á sér í stjórn.

Vaktu með Kristi - VMK

ÆSKÞ hefur undanfarin ár sett saman dagskrá fyrir æskulýðsfélög sem hafa áhuga á að vaka með Kristi. Hugmyndin er að félögin geti boðið til gistinætur í kirkjunni frá skírdegi og fram á föstudaginn langa. Þetta árið var viðburðurinn í höndum ÆSKH.

Easter Course

Hið árlega Easter Course fór að þessu sinni fara fram í Transilvanyu í Rúmeníu dagana 23.-30. mars. Fyrir hönd Íslands tóku þrír fulltrúar þátt: Ásmundur Máni Þorsteinsson (2. tengiliður EF), Sigurður Óli Karlsson og Sebastian Andri Kjartansson. Námskeiðið var byggt upp í kringum megin viðfangsefni átaka- og umbreytinga. Í því samhengi var hver dagur tileinkaður geðheilbrigði og ýmiss konar mismunun. Fræðslu og umræðum var stjórnað af sérfæðingum. Gestafyrirlesari var Dr. Diana Lupean.

Markmið námskeiðisins var að kenna leiðtogum að takast á við margs konar breytingar á friðsamlegan og heilbrigðan hátt bæði í einkalífi og starfi. Markmið námskeiðsins var að gera leiðtogann færari í að takast á við krefjandi verkefni og ýmsar áskoranir. Boðið var upp á hópefli, leiki, borgarferð og parý. Þátttakendur og leiðbeinendur voru rífelga 70, frá fjölda Evrópulanda og komu frá ýmsum söfnuðum. Því var sannarlega um samkirkjulegan viðburð að ræða.

Kirkjuþing unga fólksins

ÆSKÞ hefur sinnt undirbúningi og framkvæmd Kirkjuþings unga fólksins í samstarfi við fulltrúa á Biskupsstofu frá upphafi og verður svo aftur í ár. Þingið mun fara fram 10.-11. maí í Háteigskirkju í Reykjavík. Verkefnastjóri þingsins er Sólveig Franklinsdóttir.

Kynning á starfsemi ÆSKÞ

Dagana 21.-22. munu fara fram kynningardagar fyrir nema í starfsþjálfun á vegum Þjóðkirkjunnar. Þar gefst ÆSKÞ tækifæri til þess að kynna starfsemi félagsins fyrir verðandi djáknum og prestum framtíðarinnar.

Gleðigangan

ÆSKÞ mun taka þátt í gleðigöngunni í ár að venju en hún fer fram 10. ágúst. Við hvetjum öll æskulýðsfélög til þátttöku í viðburðinum og áhugasamir sem vilja taka þátt í undirbúningi atriðis ÆSKÞ ættu að setja sig í samband við stjórn við fyrsta tækifæri.

Kirkjudagar 2024

Kirkjudagar 2024 verða haldnir dagana 25. ágúst til 1. september, eftir langt hlé. Í ár verður yfirskriftin *Sælir eru friðflytjendur*. Þar verður sérstakur hátíðardagur 31. ágúst fyrir alla fjöslkylduna haldinn í Lindarkirkju í Kópavogi. Þetta er samvinnuverkefni ÆSKÞ við Þjóðkirkjuna. Kirkjan bendir á það að öll getum við verið friðflytjendur, þvert á trú og skoðanir. Þess vegna verður þetta rauði þráður kirkjustarfsins veturinn 2024-2025 er hverfist um

innri og ytri frið. Mælt er til þess að Landsmót ÆSKP 2024 beri yfirskrift er tengist friðarmálum. Nánari dagskrá verður auglýst síðar. Þeir sem hafa áhuga á því að taka þátt í undirbúningi og störfum vinsamlega hafið samband við Sólveigu Franklinsdóttir, framkvæmdastjóra ÆSKP með því að senda tölvupóst á solveig@aeskh.is.

Hautnámskeið ÆSKP

Í ár munum við fá námskeið frá Barnaheill – Save the children á Íslandi sem heitir Verndari barna. Það kennir fullorðnum leiðir til að koma í veg fyrir kynferðisofbeldi, þekkja vísbendingar um að ofbeldi er að eiga sér stað eða að möguleiki er á því að verið er að undirbúa jarðveginn til að brjóta á barni/ungmönnum kynferðislega og viðbrögð við því. Einnig er farið ítarlega í hvernig eigi að bregðast við ef ofbeldi hefur átt sér stað, innan eða utan skóla, íþróttahreyfingar eða annarra stofnana er þjónusta börn og varðar börn og ungmenni.

Leiðtogskólinn

Leiðtogaskólinn (áður Farskóli leiðtogaefna) er eitt af flaggskipum æskulýðsstarfsins. Skólinn er samstarfsverkefni ÆSKP, ÆSKH, ÆSKA og Biskupsstofu. Útskrift nýrra leiðtoga fer fram í fjölskyldu- og vorhátíðarmessu í Bústaðakirkju í Reykjavík, sunnudaginn 12. maí n.k. kl.11.00.

Landsmót

Landsmót er stærsta verkefni ÆSKP, bæði hvað varðar umfang og vinnu. Stefnt er á að halda Landsmót á Suðurlandi eða Suðurnesjum í haust. Vegna innri skipulagsbreytinga Þjóðkirkjunnar hefur ekki endanlega verið hægt að ganga frá skipulagi eða staðsetningu mótsins. Það verður spennandi verkefni nýrrar stjórnar ÆSKP og landsmótsnefndar 2024.

Aðalfundur European Fellowship

Aðalfundur EF fór fara fram á Zoom 10. febrúar. Hefðbundin aðalfundarstörf voru á dagskrá. Ekki er komin dagsetning fyrir næsta aðalfund EF. Þá komu þeir Simon, formaður EF og Vaughan til Íslands í tengslum við fundinn. Þeir buðu stjórn ÆSKP í kvöldverðarspjall sem var vel heppnað. Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í erlendum samstarfsverkefnum og t.d. sitja í stjórn EF mega endilega setja sig í samband við stjórn.

Ef tækifæri skapast má vera að við bætum við viðburðum, ef góðar hugmyndir kvikna og styrkir fást fyrir framkvæmd þeirra. En einnig þarf að hafa í huga að dagskráin getur tekið breytingum eins og við höfum svo sannarlega lært á undanförunum árum.